

## Ályktun ársfundar Starfsgreinasambands Íslands 2003 um fræðslumál og símenntun

Verulegar breytingar hafa orðið í atvinnulífi á Íslandi undanfarin ár. Þessar breytingar spanna meira og minna allt þjóðfélagið. Umtalsverð fækkun starfsmanna hefur orðið í hefðbundnum atvinnugreinum, fækkun sem á sér skýringar í tækniframförum og breyttum vinnubrögðum. Erlent vinnuafl sækir til Íslands í auknu mæli, einkum í umönnunar- og matvælagreinar. Þetta fólk á sinn þátt í að skapa hér velmegun og hagsæld og þjóðfélagið verður fjölmenningarlegra. Breytingar og nýsköpun í atvinnulífi, breytt og ný störf og starfsgreinar kalla á aukna starfs- og símenntun fyrir einstaklinga og atvinnulífið í heild. Breytt vinnubrögð kalla á ný viðhorf. Mikilvægt að efla einstaklingana til aukinnar færni, aðlögunar og virkar þjóðfélagsþátttöku en á því sviði er símenntun lykilatrið. Hreyfanleiki á alþjóðlegum vinnumarkaði undirstrikar enn frekar mikilvægi hverskonar menntunar. Efla þarf skilning á mikilvægi menntunar og lífsleikni til lífsgæða og framfara fyrir einstaklinginn og samfélagið. Af þessum ástæðum leggur Starfsgreinasamband Íslands áherslu á að félagsmenn innan sambandsins eigi kost á nýju tækifæri til náms, endur- og símenntun, til þess að auka færni sína og hæfni á vinnumarkaði í því alþjóðlega umhverfi sem við búum við. Starfsgreinasambandið mun leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið.

Skilningur atvinnulífs á þörf fyrir símenntun og hvatning til náms verður að vera til staðar. Efla þarf fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna í sveigjanlegu námi, t.d. námi á vinnustöðum og í atvinnulífinu. Án skilnings og samstöðu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda fyrir símenntun er hætt við að viðleitni til náms og þekkingaröflunar fullorðinna fari fyrir bí. Sá möguleiki er fyrir hendi að atvinnufyrirtæki vilji skorða símenntun við starfstengt nám og einhæfni starfsemi sinnar, en það getur komið í veg fyrir fjölbreytni og markvissa uppbyggingu starfsmanna í þágu atvinnulífsins í heild og margbreytileika. Markviss uppbygging starfsmanna í atvinnulífinu þarf að vera bæði almenns eðlis og sérhæfð, þar sem þar til bærar fullorðinsfræðslumiðstöðvar veita upplýsingar um fjölbreytt framboð sí- og starfsmenntunar í eða utan fyrirtækjanna.

Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á eftirfarandi meginmarkmið símenntunar í þágu einstaklinga og atvinnulífs á Íslandi á komandi misserum og árum.

1. Að efla og festa í sessi starfsmenntasjóði aðildarféлага Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins.
2. Að efla og festa í sessi stafsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins, ríkis og sveitarféлага.
3. Að nýtt tækifæri til náms verði gert mögulegt fullorðnu fólki.
4. Að efla gæði í fræðslustarfi, símenntun og starfsþjálfun þar sem tekið er tillit til aukinna möguleika starfsfólks til að fara á milli starfskerfa og þjóðlanda og til að geta nýtt sér stafsmöguleika sem í boði eru annars staðar.
5. Að færni einstaklinga geti verið metin milli landa þannig að möguleikar til frekara náms, starfsframa eða nýs starfsvettvangs verði raunverulegir.
6. Að efla þekkingu á tungumálum.
7. Að auka færni fólks yfir fertugu til að starfa og vera þátttakendur í upplýsinga- og þekkingarsamfélagi nútímans.